

Efnasamsetning vatnssýna frá Núpum,
Ölfushreppi, Árnessýslu

Vigdís Hjaltadóttir

Greinargerð VHj-86-02

EFNASAMSETNING VATNSSÝNA FRÁ NÚPUM, ÖLFUSHREPPÍ, ÁRNESSÝSLU.

Sýni (850231) úr volgri holu að Núpum var tekið 27. október 1985 og efnagreint á Jarðefnafræðistofu Orkustofnunar. Niðurstöður eru í eftirfarandi töflu og er styrkur efna gefinn í mg/kg nema annað sé nefnt.

Tafla 1.

Sýni nr:	850231	850241	850154
Dags.	851027	851104	850627
Hiti °C	15.9		
pH/°C	8.20/23	8.59/19.8	7.92/22.2
Ohmm/°C	37.17/25	67.11/25	80.0/25
SiO ₂	33.3	15.4	17.4
Na	23.1	14.6	11.2
K	4.2	1.9	1.3
Ca	13.6	7.0	7.6
Mg	7.6	5.2	4.0
CO ₂	88.2	43.0	35.1
SO ₄	4.3	3.7	3.6
H ₂ S	<0.02	<0.02	<0.05
Cl	10.9	10.5	10.3
F	0.18	0.13	0.09
Uppl. efni	149.7	82.2	75.1
O ₂	1.7	3.5	
Fe	<0.1	<0.1	0.0
NO ₃	1.1 ppb		0.3
NO ₂	0.0 "		
Cd	<1.0 "		
Pb	<1.0 "		
Cu	<1.0 "		
Zn	19.5 "		

Vatnið er hæft sem neyzluvatn og ætti að vera fallið til fiskeldis. Uppleyst súrefni mældist 1.7 mg/kg. Vatnið er því undirættað af súrefni og þarf að lofta það. Karbonat er nokkuð hátt, en ekki er talin

Tafla 1 sýnir efnainnihald sýnis, sem tekið var 4.nóvember 1985 af starfsfólki Jarðefnafræðistofu Orkustofnunar og efnagreint þar (850241). Sýnið er djúpsýni úr volgri holu, neðan við gæsakofa að Núpum.

Einnig er í Töflu 1 efnainnihald vatns úr lind við fjárhús að Núpum (850154). Sýnið var tekið 27.júni 1985 af Júlíusi K. og efnagreint á Jarðefnafræðistofu Orkustofnunar.

Efnainnihald sýnanna, hátt karbonat og magnesium gefur til kynna, að um sé að ræða blöndun jarðhitavats við kalt grunnvatn.

Við samanburð skal haft í huga, að vatnið úr volgu holunni (850231) var tekið meðan á dæliprófun stóð, en ekki hefur verið dælt úr volgu holunni neðan við gæsakofann (850241) og er vatnið í henni því staðið og gæti verið blandað skolvatni.